

Nd.

190. Nefndarálit

[65. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Þó standa allir nefndarmenn að breytingartill. við frumvarpið á þingskjali 169. SB, BF og GuðIG skila sameiginlega nefndaráliti, en HV og undirritaður gefa út sitt nefndarálitið hvor.

Viðtæk tryggingalöggjöf, sem tryggir aldraða, sjúka og þá, er misst hafa fyrirvinnu sína, er aðalsmerki hvers þjóðfélags. Þau réttindi, sem tryggingar veita hverju sinni, hljóta undir venjulegum kringumstæðum að miðast að verulegu leyti við efnahagsástand landanna og getu þeirra, sem undir útgjöldum trygginganna standa.

Í athugasemdum við lagafrumvarp þetta er það m. a. tekið fram, að aukning sú á bótagreiðslum almannatrygginganna, sem frumvarpið boðar, sé einn liðurinn í þeim ráðstöfunum, sem fyrirhugaðar séu í efnahagsmálum. Þetta skil ég þannig, að ýmis ákvæði frumvarpsins um bótagreiðslur séu til bráðabirgða og borin fram til þess að mæta erfiðleikum hjá fólki, er sérstaklega verður fyrir barðinu á efnahagsaðgerðum þeim, sem verið er að framkvæma. Þannig er þessu sennilegast farið um ákvæði frumvarpsins um greiðslu fjölskyldubóta með 1. barni, sem kosta munu tryggingarnar um 62.4 millj. kr. á ári og í þetta skiptið á að greiða úr ríkissjóði alveg. Bætur með 2. barni kosta 36.4 millj. kr., eða samtals 98.8 millj. kr. árlega. Undir venjulegum kringumstæðum er þörfin fyrir fjölskyldubætur með 1. barni ekki knýjandi, en vegna þess að efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar lenda með hvað mestum þunga á unga fólkinu, sem nú er að byggja yfir sig og stofna sín heimili, þá tel ég ekki óeðlilegt, að fjölskyldubætur séu greiddar um sinn með 1. barni, eða jafnlengi og það ástand varir, sem þetta gerir nauðsynlegt.

Helztu breytingar í frumvarpinu frá gildandi lögum um bótagreiðslur almannatrygginganna eru þær að auka fjölskyldubætur, sem fyrir segir, og enn fremur elli- og örorkulífeyri og aðrar bætur lífeyristrygginganna. Þá eru dánarbætur hækkaðar og samræmdar þannig, að sömu bætur verða greiddar vegna dauðaslyss, hvort sem það verður á sjó eða landi. Um þessar meginbreytingar er ekki ágreiningur í nefndinni, nema hvað HV vill ganga enn þá lengra í hækunarátt. Hins vegar legg ég til, að gerðar verði á frumvarpinu þessar

BREYTINGAR:

1. Framan við 2. gr. bætis ný málsgrein, svo hljóðandi:
Fyrir orðið „Heimilt“ í 3. másl. 1. málsg. 10. gr. laganna komi: Skyllt.
2. 2. málsgrein 5. gr. falli niður.
3. Á eftir 9. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
1. og 2. málsg. 22. gr. laganna falli niður.

Fyrir þessum breytingartillögum mun ég gera grein í framsögu.
Með þessum breytingum legg ég til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 14. marz 1960.

Jón Skaftason.